



**ORKUSTOFNUN**  
**Vatnamælingar**



# **Grunnvatnsmælingar á Suðurnesjum vatnsárið 2003/2004**

**Kristjana G. Eyþórsdóttir**

**Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja**

**2004**

**OS-2004/027**

# **Grunnvatnsmælingar á Suðurnesjum vatnsárið 2003/2004**

**Kristjana G. Eyþórsdóttir**

**Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja**

**2004**

**OS-2004/027**

**Kristjana G. Eyþórsdóttir**

**Grunnvatnsmælingar á Suðurnesjum  
vatnsárið 2003/2004**

**Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja**

**OS-2004/027**

**Desember 2004**

<b>Skýrsla nr:</b> OS-2004/027	<b>Dags:</b> Desember 2004	<b>Dreifing:</b> <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> Grunnvatnsmælingar á Suðurnesjum vatnsárið 2003/2004		<b>Upplag:</b> 30
		<b>Fjöldi síðna:</b> 28
<b>Höfundur:</b> Kristjana G. Eyþórsdóttir	<b>Verkefnisstjórar:</b> Sverrir Óskar Elefsen Sverrir Þórhallsson	
<b>Gerð skýrslu / Verkstig:</b> Gagnaskýrsla, árlegt eftirlit	<b>Verknúmer:</b> 7-519000	
<b>Unnið fyrir:</b> Hitaveitu Suðurnesja		
<b>Samvinnuaðilar:</b>		
<p><b>Útdráttur:</b></p> <p>Í skýrslunni er fjallað um grunnvatnshæð vatnsársins 2003/2004 í þrettán borholum á Suðurnesjum vegna eftirlits með vatnstöku Hitaveitu Suðurnesja og um hita og leiðni í tveimur holum. Þar til 1997 voru síritandi A. Ott-mælar í holum HS en þá voru þrýstinemar og stafræn skráningartæki sett í staðin. Frá 1991 var mælt í fjórum holum fyrir fyrrum Vatnsveitu Suðurnesja með þrýstinenum og stafrænum skráningartækjum. Frá ágúst 2003 til júlí 2004 var mælakerfið endurnýjað með nýjum þrýstinenum og Campbell-skráningartaekjum. Kerfið var aukið um fimm mæla, fækkað um two og farið að hita- og leiðnimæla í tveimur holum. Gögn úr Campbell-tækjunum eru vistuð í gagnabanka VM. Gerðar eru skrár með daglegri vatnshæð að miðnætti og síðan er leiðrétt fyrir landsígi sem mælst hefur umhverfis Svartsengi. Birt eru línurit með daglegri vatnshæð að miðnætti í m. y. s. ásamt skarvegnum meðaldagsgildaferli og línurit með daglegum meðalvatnshita og -rafleiðni.</p>		
<b>Lykilorð:</b> Grunnvatn, borholur, mælar, vatnsár, vatnshæð, Suðurnes, hiti, leiðni	<b>ISBN-númer:</b>	
	<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b> <i>Sverrir Ó. Elefsen</i>	
	<b>Yfirfarið af:</b> SÓE	

## Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Vatnshæðarmælar reknir fyrir Hitaveitu Suðurnesja vatnsárið 2003/2004	5
3. Úrvinnsla gagna vatnsársins 2003/2004	6
4. Ástand vatnshæðarmæla	10
Mynd 1: Vatnshæðarmælar í rekstri fyrir Hitaveitu Suðurnesja vatnsárið 2003/2004	11
Vatnshæðarskýrlsur vatnshæðarmæla í rekstri fyrir Hitaveitu Suðurnesja vatnsárið 2003/2004 ásamt skarvegnum meðaldagsgildaferlum	12-23
Vatnshitaskýrslur hitamæla í rekstri fyrir Hitaveitu Suðurnesja vatnsárið 2003/2004	24-26
Rafleiðniskýrslur leiðnimæla í rekstri fyrir Hitaveitu Suðurnesja vatnsárið 2003/2004	27-28

## 1. INNGANGUR

Vatnamælingar Orkustofnunar (VM-OS) annast mælingar og úrvinnslu gagna á hæð grunnvatnsflatar í þrettán borholum á Suðurnesjum fyrir Hitaveitu Suðurnesja (HS). Mælingar hófust í nóvember 1977 í vhm 209, Seltjörn, og vhm 210, Stapafelli. Þrír mælar bættust við fram að febrúar 1978. Tveir þeirra, vhm 211 og 212, eru við veituveg að Njarðvík og einn, vhm 214, er í Gjá í Lágum. Byrjað var að mæla í vhm 241 við Eldvörp í nóvember 1986. Í febrúar 1991 voru settir fjórir mælar í eftirlitsholur á vinnslusvæði fyrrum Vatnsveitu Suðurnesja (VS), í vhm 257 og 260 á Lágasvæðinu, vhm 259 við Rauðamel og vhm 258 NV af Rauðamel. Í lok ágúst 2003 var settur mælir í vhm 499, holu HSK-15, sem er við niðurrennslisholu SV-17. Fjórir mælar bættust við á árinu 2004. Í mars hófust mælingar í vhm 487, Vatnsveitugjá, og vhm 494, Reykjanesi, og í júlí í vhm 497, Höskuldarvöllum, og vhm 498, Lindalaxholu. Mælingum í vhm 259 og vhm 260 var hætt 1. september 2003. Borholu HSK-13 suður af Snorrastaðatjörnum, vhm 491, þarf að hreinsa áður en mælitæki verða sett ofan í hana. Vatnshæðarmælanir á Suðurnesjum eru rekstrarstöðvar. Staðsetning vatnshæðarmælanna (vhm) er sýnd á mynd 1.

Töluvert landsig hefur verið á hluta af svæðinu sem vatnshæðarmælanir eru á eða allt að 1 cm á ári. Í grein Hjálmars Eysteinssonar 2001, "Hæðar- og þyngdarmælingar á utanverðum Reykjanesskaga", Orkuþing 2001, segir að allt frá 1976 hafi verið fylgst með breytingum í hæð og þyngd á háhitasvæðunum í Svartsengi, Eldvörpum og á Reykjanestá. Þar kemur einnig fram að í Svartsengi hefur land sigið um allt að 237 mm frá 1976 og fram til 1999, eða um 10 mm á ári, og að sighthraðinn hefur verið breytilegur eftir árabilum. Sumarið 1992 var fallmælt á öllu mælinetinu á utanverðum Reykjanesskaga og jafnframt á níu grunnvatnsmæla. Niðurstöður voru birtar í greinargerð Orkustofnunar "Fallmælingar fyrir Hitaveitu Suðurnesja 1992", GP, GHV-93/01. Gengið var út frá óbreyttri hæð á fastmerki SN-H25 sunnan flugvallargirðingar sem er í m.y. s. í Njarðvíkurkerfi. Árin 1975-76, 1979, 1982, 1983, 1985 og 1987 var hæðarmælt á hluta svæðisins en með mælingunum 1992 var í fyrsta sinn farið yfir allt mælisvæðið sama árið. Hæðarmælt var aftur sumarið 1999, sjá skýrslu Orkustofnunar "Fallmælingar og GPS-mælingar á utanverðum Reykjanesskaga 1999" eftir Gunnar Þorbergsson og Guðmund H. Vigfússon, OS-99065. Þá fengust nýjar upplýsingar um hraða landsigs á svæðinu. Enn var hæðarmælt á utanverðum Reykjanesskaga sumarið 2004 með GPS-mælingum af starfsmönnum Íslenskra Orkurrannsókna (ÍSOR). Viðmiðunarmerki á borholum er hæsti punktur þeirra, að frátoldum vhm 214 þar sem mælt er frá járnbrún inni í mælikassa. Viðmiðunarmerkin eru notuð þegar mælt er niður á vatnsborð í holunum til að stilla vatnshæðarmælana af. Dagana 9.-11. júní 2004 mældu starfsmenn VM-OS hædir viðmiðunarmerkjana borhola í vhm: 209, 210, 211, 214, 241, 257, 258, 487, 494 og 499 með Trimble GPS-mælitækjum út frá völdum stöðvum úr GPS-mælineti ÍSOR frá 2004 (óbirt gögn frá Ingvari P. Magnússsyni starfsmanni ÍSOR). Tækin biluðu þegar kom að mælingu fyrir vhm 212. Niðurstöður mælinganna eru látnar fljóta með í töflu 1 með fyrirvara um leiðréttingu með endurteknum mælingum árið 2005. Í desember 2004 mældu starfsmenn VM-OS hædir viðmiðunarmerkjana borhola vhm 497 og 498 með Trimble GPS-mælitækjum. Tafla 1 sýnir hædir viðmiðunarmerkjana borholanna frá árinu 1976 til 2004.

**Tafla 1. Hæðir viðmiðunarmerkja borhola Hitaveitu Suðurnesja í m y. s. í Njarðvíkurkerfi.**

Vhm	Hæð 1976	Fallm. 1992	Frá fallm. 1999	Frá GPS-mæl. 2004
209 Seltjörn (ST-01)	3,590			2,97
210 Stapafell (SF-02)	22,810	22,782		22,73
211 veituvegur (HSK-06)	19,551	19,488	19,460	19,46
212 veituvegur (HSK-12)	25,578	25,431	25,361	
214 Gjá í Lágum (HSK-11)	16,154	16,074	16,037	15,60
241 A af Eldvörpum (EV-01)	45,089	44,991	44,917	44,94
257 N af Gjá í Lágum (VS-03)	12,119	12,076	12,052	12,09
258 NV af Rauðamel (VS-04)	5,252	5,234	5,225	5,21
487 Vatnsveitugjá				14,31
494 Reykjanes (SV-01)				11,84
497 Höskuldarvellir (TD-4)				114,45
498 Lindalaxhola (VL-03B)				82,23
499 Við holu SV-17 (HSK-15)				24,87

Í borholum HS voru upphaflega flotholt tengd síritandi mælum af gerðinni A.Ott með mánaðarblaði. HS annaðist gæslu á mælunum og sendi VM-OS gögnin til úrvinnslu og varðveislu. Í lok janúar 1997 voru allir A.Ott-síritarnir teknir niður nema í vhm 209 og 214. Í staðinn voru settir þrýstינemar í borholurnar, með mælisvið 0 til 3 m af ferskvatni, tengdir stafrænum skráningartækjum frá Hugrúnu hf. Í mæli 209 var A.Ott-síritinn rekinn áfram þó settur væri þrýstineni í borholuna eins og þeim sem á undan er lýst og hann tengdur skráningartæki frá Hugrúnu hf. Blaðskiptingar í mánaðarsíritanum takmörkuðust upp frá þessu við almennar vitjanir á svæðið. Í mars 1999 var A.Ott-mælirinn í vhm 214 tekinn niður og settur þrýstineni í borholuna tengdur skráningartæki frá Hugrúnu hf. og iðntölvu HS. Neminn hafði mælisvið 0 til 3,5 m af ferskvatni. Þann 8. febrúar 2002 var sett nýtt stafrænt skráningartæki í vhm 214 frá Campbell í stað tækisins frá Hugrúnu hf. Í borholum fyrrum VS voru upphaflega skráningartæki frá Hugrúnu hf. og þrýstinenar með mælisviði 0 til 3,5 m af ferskvatni. Í vhm 259 var skipt um nema 14. mars 2001 og hafði sá nýi mælisvið 0 til 3,0 m af ferskvatni. Í stafrænu skráningartækjunum frá Hugrúnu hf. var vatnshæð skráð á einnar klukkustundar fresti.

Dagana 18.-25. ágúst 2003 var ráðist í endurnýjun mælakerfisins á Suðurnesjum. Nýir þrýstinenar með mælisviði 0 til 3,5 m af ferskvatni voru settir í allar holurnar nema vhm 214, þar sem ekki þótti ástæða til endurnýjunar, vhm 259 og vhm 260, þar sem fyrirhugað var að leggja þá af frá 1. september 2003. Nemarnir voru tengdir Campbell-skráningartækjum með GSM-símatengingu við skrifstofu VM-OS. Í vhm 214, Gjá í Lágum, voru jafnframt settir tveir rafleiðin nemar með hitanemum annar á dýpinu 24 m undir sjávarmáli (m u. s.) og hinn á dýpinu 65 m u. s. Í vhm 211 var einnig settur rafleiðinemi með hitanema á dýpinu 24 m u. s. Þann 25. ágúst 2003 var jafnframt settur straumnemi með mælisviði 0 til 7 m af ferskvatni í nýja mælistöð vhm 499, sem er borhola HSK-15 við niðurdælingarholu SV-17, og var hann síðan tengdur við Campbell-skráningartæki, sem ÍSOR rekur fyrir niðurdælingarholu SV-17. Uppbygging mælakerfisins hélt áfram á árinu 2004. Þann 17. mars var samskonar mælibúnaði og settur var upp í ágúst 2003 komið í mælistöðvarnar vhm 487, Vatnsveitugjá, og vhm 494, Reykjanes, það er þrýstinenum með mælisviði 0 til 3,5 m af ferskvatni tengdum Campbell-skráningartækjum með GSM-símatengingu við skrifstofu Vatnsmælinga. Í júlí voru settir straumnemar, með mælisviði 0 til 10 m, tengdir Campbell-skráningartækjum með GSM-símatengingu við skrifstofu Vatnsmælinga í vhm 497, Höskuldarvelli, og í vhm 498, Lindalaxholu. Í Campbell-skráningartækjunum er vatnshæð skráð sem mínutumeðaltal á klukkustundar fresti.

Frá upphafi rekstrar vatnshæðarmælis 260 var staðarnúmer hans rangt skráð og holan kölluð NV-01 á Njarðvíkurheiði en hið rétta er VS-01 í Lágum. Þetta var leiðrétt með skýrslu vatnsársins 2001/2002.

Tilgangur með rekstri vatnshæðarmælanna er að fylgjast með hæð grunnvatnsflatar allmennt á Suðurnesjum. Hæð grunnvatnsflatarins hefur áhrif á þykkt ferskvatnslinsunnar sem á utanverðum Reykjanesskaga flýtur ofan á jarðsjó. Gögnin eru notuð sem inntak í grunnvatnslíkan Vatnaskila. Rafleiðnimæling á dýpinu 65 m u. s. í vhm 214, sem staðsett er við ferskvatnsdælustöðina í Gjá í Lágum, eru gerðar til að sannreyna niðurstöðu líkans Vatnaskila hvort skilflötur ferskvatns og jarðsjávar sé ofan eða neðan við það dýpi og eins að greina þegar skilflöturinn fær ist um þetta dýpi. Tilgangur leiðnimælingar á dýpinu 24 m u. s. í vhm 214 eru að tryggja að jarðsjó sé ekki dælt úr holum ferskvatnsvinnslunnar. Tilgangur leiðnimælingar á dýpinu 24 m u. s. í vhm 211 er að fylgjast með að jarðsjór sé ekki kominn upp að 24 m u. s. í nágrenni dælustöðvarinnar í Gjá í Lágum.

## 2. REKSTUR VATNSHÆÐARMÆLA HITAVEITU SUÐURNESJA VATNSÁRIÐ 2003/2004

**Vitjanir í mælana:** Í almennri vitjanaferð er allra mælanna vitjað. Aðrar ferðir eru til að vinna sérstök verk t.d. ef bilana hefur orðið vart. Eftirfarandi tafla sýnir hvenær mælanna var vitjað á vatnsárinu og hvað var aðhafst utan hefðbundinna starfa.

Dagsetning	Athugasemd
2003-09-17	Almenn vitjanaferð. Brotist hafði verið inn í mælihúsið í vhm 209 en ekkert skemmt. Truflun í dýpri leiðninemanum í vhm 214. Gengið frá upphengingu þrýstinema í borholum vhm 210, 211, 212 og 241. Frá 1. september 2003 voru vhm 259 og 260 lagðir af og því voru þrýstinumar og mælikassar fjarlægðir ásamt hólki #5531 úr vhm 260.
2003-10-20	Skipt um Campbell-skráningartæki í vhm 211.
2003-12-05	Mælt niður í vhm 209. Skipt um þrýstinema í vhm 214.
2004-01-21	Þrýstinema hagrætt í vhm 210 en hann hafði verið dreginn upp úr holunni af óviðkomandi aðila.
2004-03-17	Settar upp mælistöðvar í vhm 487 Vatnsveitugjá og vhm 494 Reykjanesi.
2004-06-11	Almenn vitjanaferð. GPS-hæðarmælt á borholutoppa í vhm 209, 210, 211, 212, 214, 241, 257, 258, 487, 494 og 499. A.Ott-skráningartæki tekið úr rekstri í vhm 209.
2004-06-15	Undirbúin uppsetning mælistöðva vhm 497 og 498.
2004-07-09	Settur þrýstinemi ásamt símatengdu Campbell-skráningartæki í vhm 497.
2004-07-14	Skipt um þrýstinema í vhm 214. Skipt um Campbell-skráningartæki í vhm 494. Settur þrýstinemi ásamt símatengdu Campbell-skráningartæki í vhm 498.
2004-09-03	Skipt um Campbell-tæki í vhm 258. Skipt um símatengi í vhm 487, 497 og 498.
2004-09-22	Almenn vitjanaferð. Leiðniskynjarar hreinsaðir í vhm 211 og 214. Mælt niður í öllum grunnvatnsmælum á svæðinu nema vhm 487 vegna hvassviðris.

**Rekstur mælanna:** Miðað við rekstrar tíma eru vatnshæðarlínurit vatnsársins óslitin í sjö mælum af þrettán, vhm 209, 212, 241, 257, 487, 497 og 498. Endurnýjun mælakerfisins á Suðurnesjum í ágúst 2003 hafa fylgt nokkrir barnasjúkdómar. Það hefur tekið kapla þrýstinemanna mislangan tíma að rétta úr sér og þar með nemana að ná loka dýpi. Á vatnsárinu þurfti að skipta tvisvar um þrýstinema í vhm 214, í desember og júlf; skipt var um Campbell-tæki í vhm 211 í október og í vhm 494 í júlí. Skipt var um Campbell-tæki í vhm 258 í byrjun september 2004 og bilun varð í vhm 211 í lok september 2004. Góðar heimtur voru á gögnum vatnsársins. Áætla þurfti nokkur tímabil í fjórum mælum: 210, 211, 214 og 258. Í vhm 210

töpuðust gögn í þrjá daga í janúar vegna þess að óviðkomandi aðilar kipptu þrýstinentum upp úr holunni og settu hann ekki rétt niður aftur. Í vhm 211 töpuðust gögn í október vegna bilunar í skráningartæki. Tvívegis bilaði þrýstinenti í vhm 214, í byrjun desember og um mánaðarmótin júní-júlí, og við það töpuðust gögn. Í vhm 258 töpuðust gögn er skráningartæki bilaði í byrjun ágúst og var ekki endurnýjað fyrr en í byrjun september. Vatnshæðir úr mælum 210, 211, 212 og 241 eru merktar sem annars flokks gögn frá vitjun 10. júní til loka vatnsársins vegna þess að munur milli vatnshæðar frá niðurmælingu í borholu og vatnshæðar sem skráningartækið sýndi við vitjun 22. september var of mikill. Í vhm 210, 211 og 241 sýndi skráningartækið, samkvæmt þrýstinenti, meiri vatnshæð en niðurmælingin en í vhm 212 sýndi skráningartækið minni vatnshæð en niðurmælingin. Gögnin voru leiðrétt samkvæmt niðurmælingum frá 22. september en merkt sem annars flokks gögn til að sýna að ef til vil væri nákvæmni ekki nógu góð. Eyðu í gögnum úr vhm 494, í júní og júlí, var ekki reynt að áætla vegna þess hve mælistöðin er ný. Gögn úr vhm 499 reyndust gölluð, vegna þess að þrýstinenti virðist ekki hafa verið tengdur rétt við skráningartækið og því eru gögnin ekki nýtanleg. Gögn úr leiðninema á dýpinu 65 m u. s. í vhm 214 þykja gefa of há gildi og eru ekki gefin út. A.Ott-tækið í vhm 209 var aflagt 11. júní 2004.

### 3. ÚRVINNSLA GAGNA VATNSÁRSINS 2003/2004

**Vatnsstaða:** Gögn af rás 1 úr gagnaskrám Campbell-tækjanna, mínútumeðaltal vatnshæðar á klukkustundar fresti, voru notuð við úrvinnsluna. Í úrvinnsluferli gagna úr grunnvatnsmælum HS er hæð viðmiðunarmerkis hverrar borholu halddið óbreyttri frá árinu 1976 og eru gögnin leiðrétt fyrir landsigi eftir á. Hæðir í gömlu mælunum, að undanskildum vhm 209 og 210, eru leiðréttar til samræmis við fallmælingu 1999 samanber í inngangi. Ekki er gert ráð fyrir landsigi í vhm 209 því talið er að mælirinn sé fyrir utan sigdældina umhvefis orkuverið í Svartsengi. Hæð vhm 210 var ekki fallmæld árið 1999 og þar er því notast við fallmælingu frá 1992 til að ákvarða hraða landsigs. Við leiðréttingu á hæð grunnvatnsflatar vegna landsigs er gert ráð fyrir að landið sigi línulega með tilliti til tíma frá því hæðarmælingar hófust, samanber skýrslu Orkustofnunar "Grunnvatnsmælingar 1994" eftir Sigvalda Árnason, OS-94065/VOD-12 B. Gögnin eru leiðrétt um ákveðinn fjölda millimetra á ári miðað við 23 ára tímabil, 1976-1999, eins og tafla 2 sýnir. Eins og fram kemur í inngangi var GPS-hæðarmælt á utanverðum Reykjaneskaga sumarið 2004 af starfsmönnum ÍSOR og jafnframt GPS-hæðarmælt á viðmiðunarmerki vatnshæðarmæla af starfsmönnum VM-OS. Viðunandi niðurstöður náðust ekki úr mælingum á viðmiðunarmerkin því eru þær hæðir ekki notaðar við úrvinnslu eldri mælanna, vhm 209-258, heldur eingöngu við nýju mælana, vhm 487-499, þar sem ekki eru til eldri hæðir fyrir þá. Hæðir nýju mælanna eru notaðar með fyrirvara um breytingu við endurmælingu.

Fylgni vatnshæðar er góð milli eldri mælanna þannig að ef gögn vantar úr einum mæli er auðveld að áætla hæð grunnvatnsflatar þar frá öðrum mæli og er það kallað að brúa.

Töflur með daglegri vatnshæð að miðnætti í borholunum ásamt langtíma skarvegnum meðaldagsgildaferli eru á blaðsíðu 12-23. Hæðirnar eru í m. y. s. í Njarðvíkurkerfi. Meðalhæð grunnvatnsflatar, í mælum með heil vatnshæðarlínurit, var 5-14 cm hærri en langtíma meðaltalið.

**Vatnshiti:** Hitagögn úr vhm 211 og 214 eru birt eins og þau skrást úr hita- og leiðninemum í Campbell-tækin. Eyður í gögnum eru ekki áætlaðar. Töflur með daglegum meðalvatnshita í holum 211 og 214 eru á blaðsíðu 24-26. Hitastig af dýpinu 24 m u. s. kemur fram sem gögn frá vhm 714 sem er gervinúmer í úrvinnsluferlinu.

**Rafleiðni** Leiðnigögn úr vhm 211 og 214 skrást úr hita- og leiðninemum leiðrétt miðað við hitastig og eru gefin þannig út. Eyður í gögnum eru ekki áætlaðar. Töflur með daglegri meðalrafleiðni í borholum 211 og 214 eru á blaðsíðu 27-28. Leiðni af dýpinu 24 m u. s. kemur fram sem gögn frá vhm 714 sem er gervinúmer í úrvinnsluferlinu.

**Tafla 2. Landsig á svæði vatnshæðarmæla á Suðurnesjum.**

Vhm/Staðarnúmer	Heildar landsig 23 ára, 1976-1999, í mm	Leiðrétt hæð vatnsborðs um mm/ári*
209/B18161	0	0
210/B16692	34 (16 ár)**	2,13
211/B16606	91	3,96
212/B16612	217	9,43
214/B16610	117	5,09
241/B16421	172	7,48
257/B16623	67	2,91
258/B16624	27	1,17

\* Notuð áfram fyrir vatnsárið 2003/2004. \*\* Hæðin var ekki fallmæld árið 1999 því er gert ráð fyrir línu-legu landsigi miðað við fallmælingu 1992.

**Vhm 209/B18161:** Hliðrun þrýstinemans var stillt 16. september samkvæmt niðurmælingu í borholuna en í lok vatnsársins var frávik niðurmælingar og skráningartækis komið í -3 cm. Tvö mán-aðarblöð komu úr A.Ott-síritanum á vatnsárinu og bar vatnshæð þeirra saman við Campbell-tæk-ið.

Meðalvatnshæð vatnsárs var 1,68 m sem er 11 cm hærra en meðaltal 23 fullþekktra vatnsára sem er 1,57 m. Mest hefur meðalvatnshæð vatnsárs orðið 1,71 m, 1991/1992, og minnst 1,41 m, 1981/1982.

Hæst varð grunnvatnshæð vatnsársins 2,34 m, 10. janúar, og lægst 1,34 m, 1. september. Mest hefur hæð vatnsborðs mælst 2,93 m, 2. desember 1993, og minnst 1,01 m, 12. apríl 1979.

**Vhm 210/B16692:** Hliðrun þrýstinemans var stillt 17. september samkvæmt niðurmælingu í borholuna og endurstillt 21. janúar um -3,1 cm. Í lok vatnsársins var frávik niðurmælingar og skráningartækis komið í -4,4 cm. Vatnshæðum frá vitjun 10. júní til 31. ágúst var hliðrað samkvæmt niðurmælingu 22. september 2004 og merktar sem annars flokks gögn. Þrí dagar í janúar eru áætlaðir út frá vatnshæð í vhm 258.

Meðalvatnshæð vatnsársins var 1,65 m sem er 13 cm hærri en meðaltal 23 fullþekktra vatnsára sem er 1,52 m. Mest hefur meðalvatnshæð vatnsárs orðið 1,72 m, 2002/2003, og minnst 1,39 m, 1978/1979.

Hæst varð grunnvatnshæð vatnsársins 2,29 m, 11. janúar, og lægst 1,34 m, 25. október og 13. júlí. Mest hefur hæð vatnsborðs mælst 2,85 m, 2. desember 1993, og minnst 1,01, 12. apríl 1979.

**Vhm 211/B16606:** Hliðrun þrýstinemans var stillt 17. september samkvæmt niðurmælingu í borholuna en í lok vatnsársins var frávik niðurmælingar og skráningartækis komið í -4,7 cm. Vatnshæðum frá vitjun 11. júní til 31. ágúst var hliðrað samkvæmt niðurmælingu 22. september 2004 og merktar sem annars flokks gögn. Fjórtán dagar í október eru áætlaðir með brúun frá vhm 214.

Meðalvatnshæð vatnsárs var 1,71 m sem er 10 cm hærra en meðaltal 24 fullþekktra vatnsára sem er 1,61 m. Mest hefur meðalvatnshæð vatnsárs orðið 1,74 m, 1993/1994, og minnst 1,46 m, 1978/1979.

Hæst varð grunnvatnshæð vatnsársins 2,38 m, 12. janúar, og lægst 1,35 m, 1. september. Mest hefur hæð vatnsborðs mælst 2,98 m, 3. desember 1993, og minnst 1,09 m, 17. september 1986.

Vatnshiti í holunni á dýpinu um 24 m u. s. mældist á bilinu 4,8-5,3 °C á vatnsárinu. Rafleiðni á sama dýpi mældist á bilinu 132-171 mÍkrÓS/cm. Eyða er í hita- og leiðnigögnum um í október er skráningartæki bilaði. Þann 22. janúar handmældi Þórólfur Hafstað, starfsmaður

ÍSOR, hita og leiðni í holunni og fékk hann hitastigið  $4,5^{\circ}\text{C}$  á dýpinu 24 m u. s. og leiðnina, leiðréttá út frá hita, 120 míkróS/cm á sama dýpi.

**Vhm 212/B16612:** Hliðrun þrýstinemans var stillt 17. september samkvæmt niðurmælingu í borholuna en í lok vatnsársins var frávik niðurmælingar og skráningartækis komið í 6,0 cm. Vatns-hæðin frá vitjun 11. júní til 31. ágúst var hliðrað samkvæmt niðurmælingu 22. september 2004 og merkt sem annars flokks gögn. Nokkru sunnan við vhm 212 er holan HSK-17 sem varð niðurrennslishola í janúar 2004.

Meðalvatnshæð vatnsársins var 1,76 m sem er 14 cm hærri en meðaltal 22 fullþekktra vatnsára sem er 1,62 m. Mest hefur meðalvatnshæð vatnsárs orðið 1,83 m, 2002/2003 og minnst 1,45 m, 1978/1979.

Hæst varð grunnvatnshæð vatnsársins 2,41 m, 12. janúar, og lægst 1,40 m, 1. september. Mest hefur hæð vatnsborðs mælst 2,87 m, 1. desember 1993, og minnst 1,06 m, 9. júní 1979.

**Vhm 214/B16610:** Ágætt ástand var á hliðrun þrýstinemans á vatnsárinu. Prettán dagar í desember og átján dagar samtals í júní og júlí eru áætlaðir með brúun frá vhm 211. Fjögurra daga eyða er í gögnum úr báðum hita- og leiðninemunum í desember út frá bilun í þrýstinema. Stutt göt eru einnig í gögnum úr báðum hita- og leiðninemunum í janúar og júlí eftir að nemarnir voru dregnir upp úr holunni. Gögn úr neðri leiðninemanum þóttu ekki nógu sannfærandi til úrvinnslu að svo stöddu máli.

Meðalvatnshæð vatnsársins var 1,71 m sem er 9 cm hærri en meðaltal 25 fullþekktra vatnsára sem er 1,62 m. Mest hefur meðalvatnshæð vatnsárs orðið 1,78 m, 2002/2003, og minnst 1,47 m, 1978/1979 og 1994/1995.

Hæst varð grunnvatnshæð vatnsársins 2,44 m, 12. janúar, og lægst 1,35 m, 1. september og 24. október. Mest hefur hæð vatnsborðs mælst 2,98 m, 2. desember 1993, og minnst 1,04 m, 14. apríl 1979.

Vatnshiti í holunni á dýpinu 24 m u. s. mældist á bilinu  $6,7\text{-}6,9^{\circ}\text{C}$  á vatnsárinu. Rafleiðni á sama dýpi mældist á bilinu 391-510 míkróS/cm. Þann 22. janúar handmældi Þórólfur Hafstað hita og leiðni í holunni og fékk hann hitastigið  $6,7^{\circ}\text{C}$  á dýpinu 24 m u. s. og leiðnina, leiðréttá út frá hitastigi, 425 míkróS/cm á sama dýpi.

Hiti í holunni á dýpinu 65 m u. s. mældist á bilinu  $13,7\text{-}13,9^{\circ}\text{C}$  á vatnsárinu. Handmældur hiti frá 22. janúar á þessu dýpi var  $13,7^{\circ}\text{C}$  og leiðni, leiðrétt út frá hitastigi, 39 mS/cm en leiðni samkvæmt gögnum VM 48,5 mS/.

**Vhm 241/B16421:** Hliðrun þrýstinemans var stillt 17. september samkvæmt niðurmælingu í borholuna en í lok vatnsársins var frávik niðurmælingar og skráningartækis komið í  $-8,1$  cm. Vatns-hæðum frá 10. júní til 31. ágúst var hliðrað samkvæmt niðurmælingu 22. september 2004 og merkt sem annars flokks gögn.

Meðalvatnshæð vatnsársins var 1,41 m sem er 9 cm hærri en meðaltal 16 fullþekktra vatnsára sem er 1,31 m. Mest hefur meðalvatnshæð vatnsárs orðið 1.44 m, 2002/2003, og minnst 1,15 m, 1987/1988.

Hæst varð grunnvatnshæð vatnsársins 1,96 m, 10. janúar, og lægst 1,10 m, 1. september. Mest hefur hæð vatnsborðs mælst 2,30 m, 2. desember 1993, og minnst 0,86 m, 1. mars 1988.

**Vhm 257/B16623:** Gott ástand var á hliðrunarstuðli þrýstinemans á vatnsárinu.

Meðalvatnshæð vatnsársins var 1,66 m sem er 5 cm hærri en meðaltal 11 fullþekktra vatnsára sem er 1,61 m. Mest hefur meðalvatnshæð vatnsárs orðið 1,75 m, 2002/2003, og minnst 1,45 m, 1994/1995.

Hæst varð grunnvatnshæð vatnsársins 2,33 m, 12. janúar, og lægst 1,32 m, 1. september. Mest hefur hæð vatnsborðs mælst 3,03 m, 2. desember 1993, og minnst 1,07 m, 14. júní 1995.

**Vhm 258/B16624:** Hliðrun þrýstinemans var óbreytt frá uppsetningu 20. ágúst til vitjunar 17. september. Í vitjun 10. júní var frávik niðurmælingar og skráningartækis komið í -3,3 cm. Skráningartækið bilaði 2. ágúst og var ekki skipt fyrr en 3. september 2004. Tímabilið 2. ágúst til 31. ágúst var áetlað með brúun frá vhm 210.

Meðalvatnshæð vatnsársins var 1,63 m sem er 5 cm hærri en meðaltal 12 fullþekktra vatnsára sem er 1,58 m. Mest hefur meðalvatnshæð vatnsárs orðið 1,72 m, 2002/2003, og minnst 1,43 m, 1994/1995.

Hæst varð grunnvatnshæð vatnsársins 2,29 m, 11. janúar, og lægst 1,29 m, 13. júlí. Mest hefur hæð vatnsborðs mælst 2,97 m, 2. desember 1993, og minnst 1,07 m, 14. júní 1995.

**Vhm 487/V487:** Mælistöðin var sett upp 17. mars og rekin án hliðunar til 9. júní er hliðrun var stillt 9. júní samkvæmt niðurmælingu. Í vitjun 20. september var of hvasst til að mæla niður í gjána. Gögn eru merkt sem annars flokks gögn þar sem nákvæmni hliðunar er ekki nægileg. Sjávarfallasveiflur eru ráðandi ásýnd vatnshæðarlínuritsins.

Frá 17. mars til loka vatnsársins varð hæð vatnsborðs hæst 1.56 m, 20. mars, og lægst 0,76 m, 18. júní og 8. júlí.

**Vhm 494/B16961:** Mælistöðin var sett upp 17. mars. Hliðrun var stillt 9. júní samkvæmt niðurmælingu en á sama tíma hætti skráningartækið að skrá svo skipta þurfti um tæki 17. júlí. Gögnum frá uppsetningu til loka vatsnárs var hliðrað samkvæmt niðurmælingum frá 17. júlí og 20. september. Vatnshæðir frá 17. mars til 8. júní eru merkt sem annars flokks gögn þar sem nákvæmni í hliðun er ekki nægileg. Eyða í gögnum frá 9. júní til 13. júlí er ekki áætluð vegna þess hve mælistöðin er ný og ekki komin nóg af gögnum til að finna tengingu við aðra mælistöð. Sjávarfallasveiflur eru ráðandi ásýnd vatnshæðarlínuritsins.

Af gögnum vatnsársins varð vatnsborðið hæst 1,30 m, 20. mars, og lægst 0,58 m, 20. maí.

**Vhm 497/B22264:** Mælistöðin var sett upp 9. júlí. Hliðrun var í upphafi stillt eftir því hvaða gildi straumneminn sýndi í lofti eða -255,0 cm. Gögnum frá upphafi til loka vatnsársins var hliðrað í landhæð samkvæmt niðurmælingum frá 9. júlí, 3. og 22. september 2004.

Borholan er í hæðinni 114,45 m y.s. og heildar lengd kapals straumnemans í holunni er 85 m. Frá því mælistöðin var sett upp til loka vatnsársins lækkadí vatnshæðin stöðugt úr 33,9 m í 31,6 m eða um 2,3 m. Vatnshæðarsveiflur í borholunni virðast vera stærri en á utanverðum Reykjanesskaga eða minnst 7 m miðað við gögn frá júlí 2004 fram í miðjan janúar 2005.

**Vhm 498/B22213:** Mælistöðin var sett upp 14. júlí. Hliðrun var í upphafi stillt eftir því hvaða gildi straumneminn sýndi í lofti eða -255,0 cm. Gögnum frá upphafi til loka vatnsársins var hliðrað í landhæð samkvæmt niðurmælingum frá 14. júlí og 22. september 2004.

Borholan er í hæðinni 82,23 m y.s. og heildar lengd kapals straumnemans í holunni er 80 m. Frá því mælistöðin var sett upp til loka vatnsársins var vatnshæðin á bilinu 3,79 m til 3,98 eða með 19 cm sveiflu. Vatnshæðin var hæst í upphafi og varð lægst 27. ágúst. Vatnshæðarsveiflan í borholunni frá uppsetningu mælis fram í miðjan janúar 2005 er rétt rúmir 2 m.

**Vhm 499/B16615:** Settur var straumnemi í borholuna af starfsmönnum VM-OS 25. ágúst 2003. Starfsmaður ÍSOR tengdi nemann Campbell-skráningartæki 2. september 2003 sama skráningartæki og skráir gögn úr niðurrennslisholunni SV-17. ÍSOR hefur séð um gagnasöfnunina hingað til. Gögn eru ónothæf til úrvinnslu en þegar þetta er skrifað er ekki vitað hvað er að.

## 4. ÁSTAND VATNSHÆÐARMÆLA

**Ástand vatnshæðarmæla:** Nú þegar mælakerfið hefur allt verið endurnýjað og símatengt skrifstofu Vatnamælinga Orkustofnunar er auðvelt að fylgjast með ástandi mælanna og bregðast við ef bilanir verða. Nokkuð hefur verið um breytingar á hliðrunum þrýstinema í mælum á Suðurnesjum. Eitthvað var um bilanir í mælitækjum á vatnsárinu sem voru endurnýjuð, tveir þrýstinemar og þrjú Campbell-skráningartæki. Rekstur leiðninemans á dýpinu 65 m undir sjávarmáli í vhm 214 gekk ekki nógu vel þar sem leiðni er á þessu dýpi er utan marka nemans. Gögn úr vhm 499 eru ekki í lagi.

**Lokaorð:** Eftir endurnýjun mælakerfisins á Suðurnesjum er vonast til að gæði og heimtur gagna aukist og hagræðing náið í rekstrinum. Þar sem gögn eru sótt í mælana um síma frá skrifstofu VM-OS þarf einungis að fara um svæðið ef bilana verður vart og einu sinni til tvísvar á ári til að mæla niður á vatnsborð í holunum til eftirlits við þrýstinemana. Eins og fram kemur í inngangi var GPS-hæðarmælt á utanverðum Reykjanesskaga sumarið 2004 af starfsmönnum ÍSOR og jafnframt GPS-hæðarmælt á viðmiðunarhæðir vatnshæðarmælanna af starfsmönnum VM-OS. Þar sem viðunandi niðurstöður fengust ekki í hæðarmælingu á viðmiðunarmerkjum vatnshæðarmælanna þá er stefnt að endurtekningu mælinganna á árinu 2005. Hæð viðmiðunarmerkja borholanna þarf að mæla með reglulegu millibili til að fylgjast með landsigi við holurnar.

Fylgjast þarf með hvort þrýstinemarnir, sem hanga frítt niður í borholurnar, haldi áfram að síga, eftir að þeir hafa náð að rétta úr sér, og valdi þar með stöðugum breytingum á hliðrun í skráningartækjum til að tækið sýni sömu vatnshæð og niðurmæling í holurnar. Tengja þarf vhm 499 við símakerfi Vatnamælinga og lagfæra forrit mælistöðvarinnar. Finna þarf hentuga tegund af leiðninema til að setja á dýpið 65 m undir sjávarmáli í holu vhm 214. Gott væri að prófa eða kvarða leiðni- og hitamælana í vhm 211 og 214.

Vatnsþéttu þarf síritahúsið við Seltjörn.

### Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja

Dagsetning: 18. janúar 2005

Yfirverkefnisstjóri: Sverrir Óskar Elefsen

Svæðisstjóri: Kristjana G. Eyþórsdóttir

Gæslumaður: Kristjana G. Eyþórsdóttir

Úrvinnsla: Kristjana G. Eyþórsdóttir



1. mynd. Vatnshæðarmælar Hitaveitu Suðurnesja vatnsárið 2003/2004.

**OS Vatnamælingar**    **Vatnshæðarskýrsla**    **vatnsárið 2003/2004**    **vhm 209**  
**Suðurnes; Seltjörn (ST-01)**  
Vatnshæðin er í m, dagleg gildi kl. 24

	Sep	Okt	Nóv	Des	Jan	Feb	Mar	Apr	Máí	Jún	Júl	Ágú
1	1.37	1.52	1.59	1.77	1.87	1.84	1.66	1.75	1.63	1.44	1.54	1.49
2	1.38	1.53	1.60	1.73	1.85	1.86	1.84	1.83	1.62	1.44	1.53	1.50
3	1.41	1.49	1.60	1.71	1.87	1.88	1.87	1.99	1.64	1.45	1.52	1.50
4	1.50	1.51	1.67	1.66	1.99	1.85	1.86	2.00	1.62	1.45	1.50	1.49
5	1.54	1.53	1.71	1.64	2.04	1.83	1.80	1.92	1.60	1.46	1.47	1.50
6	1.57	1.51	1.71	1.69	2.06	1.79	1.76	1.85	1.59	1.46	1.44	1.54
7	1.58	1.53	1.71	1.71	2.20	1.71	1.79	1.83	1.57	1.45	1.41	1.54
8	1.55	1.55	1.72	1.80	2.28	1.69	1.86	1.80	1.56	1.44	1.39	1.53
9	1.55	1.57	1.76	1.85	2.32	1.73	1.90	1.75	1.53	1.44	1.38	1.52
10	1.56	1.53	1.77	1.82	2.34	1.74	2.00	1.74	1.51	1.45	1.37	1.50
11	1.60	1.53	1.80	1.81	2.33	1.74	2.11	1.74	1.49	1.44	1.37	1.48
12	1.63	1.53	1.84	1.88	2.31	1.74	2.19	1.80	1.51	1.46	1.36	1.47
13	1.71	1.53	1.84	1.85	2.26	1.79	2.25	1.85	1.49	1.47	1.40	1.46
14	1.72	1.52	1.83	1.81	2.17	1.85	2.27	1.86	1.48	1.46	1.42	1.46
15	1.69	1.50	1.78	1.85	2.09	1.80	2.25	1.85	1.48	1.44	1.43	1.47
16	1.67	1.50	1.81	1.96	2.06	1.78	2.22	1.88	1.50	1.43	1.44	1.48
17	1.65	1.47	1.86	2.07	1.99	1.79	2.18	1.93	1.50	1.41	1.45	1.48
18	1.60	1.44	1.87	2.01	1.96	1.84	2.22	1.90	1.48	1.40	1.45	1.47
19	1.59	1.43	1.87	1.96	1.93	1.87	2.24	1.90	1.46	1.40	1.45	1.46
20	1.68	1.41	1.85	1.87	1.97	1.85	2.20	1.91	1.44	1.39	1.44	1.45
21	1.62	1.39	1.80	1.86	2.01	1.77	2.12	1.87	1.44	1.39	1.43	1.43
22	1.58	1.38	1.76	1.88	2.10	1.76	2.02	1.85	1.45	1.39	1.42	1.42
23	1.58	1.38	1.84	2.05	2.20	1.73	1.96	1.84	1.43	1.39	1.42	1.42
24	1.56	1.38	1.91	2.13	2.11	1.67	1.90	1.83	1.42	1.40	1.40	1.41
25	1.53	1.40	1.93	2.15	2.03	1.64	1.85	1.81	1.41	1.43	1.40	1.42
26	1.51	1.48	1.88	2.13	1.98	1.61	1.82	1.75	1.40	1.46	1.39	1.45
27	1.51	1.54	1.87	2.07	1.92	1.64	1.81	1.70	1.39	1.48	1.38	1.47
28	1.53	1.57	1.87	2.03	1.89	1.66	1.80	1.65	1.41	1.48	1.40	1.51
29	1.50	1.57	1.86	2.03	1.84	1.65	1.79	1.62	1.42	1.51	1.44	1.49
30	1.49	1.55	1.79	1.98	1.83		1.77	1.63	1.43	1.53	1.47	1.51
31		1.56		1.93	1.83		1.73		1.44		1.47	1.55
Meðaltal	1.57	1.49	1.79	1.89	2.05	1.76	1.97	1.82	1.49	1.44	1.43	1.48
Hámark	1.74	1.59	1.94	2.16	2.34	1.90	2.28	2.01	1.64	1.53	1.54	1.55
Dagur klst	14 13	09 11	25 13	26 14	10 15	03 13	14 17	04 12	03 22	30 22	01 23	07 15
Lágmark	1.34	1.36	1.56	1.63	1.83	1.61	1.65	1.62	1.39	1.38	1.36	1.41
Dagur klst	01 09	24 17	01 00	05 18	31 00	26 23	01 01	30 02	27 23	21 21	12 15	24 12


á = áætlun, N = almenn athugasemd ~ = annars flokks gögn,

K = stakur álestur, H = hlaup, E = efnasýni.

Meðalvatnshæð vatnsársins var 1.68, hámarksvatnshæð þess 2.34 og lágmarksvatnshæðin 1.34

Samkvæmt gagnabanka Vatnamælinga Orkustofnunar 2005-01-28 (réttur áskilinn til endurskoðunar)

hpf prentaði af svæði /vm/vmgogn klukkan 08:39



OS Vatnamælingar Vatnshæðarskýrsla vatnsárið 2003/2004 vhm 210  
**Suðurnes; Stapafell (SF-02)**  
 Vatnshæðin er í m, dagleg gildi kl. 24

	Sep	Okt	Nóv	Des	Jan	Feb	Mar	Apr	Máí	Jún	Júl	Ágú
1	1.36	1.49	1.57	1.77	1.88	1.83	1.64	1.72	1.59	1.41	~ 1.51	~ 1.45
2	1.37	1.50	1.58	1.73	1.84	1.85	1.76	1.76	1.58	1.41	~ 1.51	~ 1.46
3	1.40	1.48	1.59	1.70	1.82	1.87	1.82	1.84	1.59	1.41	~ 1.50	~ 1.47
4	1.46	1.48	1.63	1.65	1.89	1.85	1.84	1.89	1.58	1.42	~ 1.49	~ 1.47
5	1.51	1.49	1.67	1.60	1.95	1.83	1.80	1.86	1.57	1.43	~ 1.46	~ 1.47
6	1.55	1.49	1.68	1.61	1.98	1.80	1.76	1.81	1.56	1.44	~ 1.44	~ 1.49
7	1.57	1.50	1.68	1.62	2.09	1.74	1.75	1.79	1.55	1.44	~ 1.42	~ 1.51
8	1.56	1.51	1.68	1.67	2.18	1.70	1.77	1.75	1.53	1.43	~ 1.39	~ 1.51
9	1.55	1.53	1.71	1.72	2.25	1.71	1.79	1.72	1.52	1.43	~ 1.37	~ 1.50
10	1.55	1.52	1.72	1.74	2.28	1.72	1.85	1.70	1.50	~ 1.43	~ 1.36	~ 1.48
11	1.58	1.51	1.75	1.75	2.29	1.73	1.95	1.69	1.48	~ 1.43	~ 1.35	~ 1.46
12	1.61	1.50	1.78	1.80	2.28	1.74	2.05	1.73	1.50	~ 1.44	~ 1.34	~ 1.45
13	1.68	1.50	1.81	1.80	2.24	1.76	2.15	1.78	1.48	~ 1.45	~ 1.36	~ 1.44
14	1.70	1.49	1.80	1.78	2.17	1.80	2.21	1.80	1.47	~ 1.44	~ 1.37	~ 1.43
15	1.69	1.48	1.77	1.80	2.09	1.79	2.22	1.80	1.46	~ 1.43	~ 1.39	~ 1.43
16	1.67	1.48	1.77	1.88	2.04	1.78	2.20	1.82	1.47	~ 1.41	~ 1.41	~ 1.44
17	1.65	1.46	1.80	1.98	1.97	1.78	2.16	1.86	1.47	~ 1.39	~ 1.42	~ 1.44
18	1.61	1.43	1.82	1.98	1.93	1.81	2.18	1.86	1.46	~ 1.38	~ 1.42	~ 1.44
19	1.58	1.41	1.83	1.95	1.88	1.84	2.19	1.86	1.44	~ 1.37	~ 1.43	~ 1.43
20	1.63	1.39	1.82	1.87	1.91	1.84	2.18	1.87	1.43	~ 1.37	~ 1.42	~ 1.43
21	1.60	1.37	1.78	1.84	1.96	1.78	2.12	1.84	1.42	~ 1.36	~ 1.41	~ 1.42
22	1.57	1.36	1.74	1.84	2.04	1.76	2.04	1.83	1.42	~ 1.37	~ 1.40	~ 1.41
23	1.55	1.35	1.78	1.96	2.15	1.72	1.97	1.82	1.41	~ 1.37	~ 1.40	~ 1.40
24	1.53	1.34	1.85	2.06	2.12	1.68	1.90	1.81	1.40	~ 1.38	~ 1.39	~ 1.40
25	1.50	1.35	1.88	2.11	2.06	1.64	1.84	1.80	1.40	~ 1.40	~ 1.39	~ 1.40
26	1.48	1.41	1.87	2.12	2.00	1.61	1.80	1.76	1.39	~ 1.43	~ 1.38	~ 1.42
27	1.48	1.48	1.86	2.08	1.94	1.62	1.79	1.71	1.38	~ 1.45	~ 1.36	~ 1.43
28	1.49	1.53	1.85	2.04	1.90	1.63	1.77	1.66	1.39	~ 1.47	~ 1.36	~ 1.47
29	1.47	1.55	1.84	2.02	1.85	1.63	1.77	1.62	1.40	~ 1.48	~ 1.39	~ 1.46
30	1.47	1.54	1.80	1.99	1.83		1.75	1.60	1.41	~ 1.50	~ 1.41	~ 1.47
31		1.55		1.95	1.82		1.72		1.41		~ 1.43	~ 1.50
Meðaltal	1.55	1.47	1.76	1.85	2.02	1.75	1.93	1.78	1.47	1.42	1.41	1.45
Hámark	1.70	1.55	1.89	2.13	2.29	1.87	2.23	1.89	1.60	~ 1.50	~ 1.51	~ 1.51
Dagur klst	15 01	30 03	26 01	26 13	11 23	03 16	15 17	04 23	01 00	30 22	01 19	09 02
Lágmark	1.35	1.34	1.55	1.60	1.82	1.61	1.63	1.60	1.38	~ 1.36	~ 1.34	~ 1.40
Dagur klst	01 03	25 02	01 00	06 10	03 18	27 13	01 04	30 24	28 09	22 07	13 05	25 02


á = áætlun, N = almenn athugasemdir ~ = annars flokks gögn,

K = stakur álestur, H = hlaup, E = efnasýni.

Meðalvatnshæð vatnsársins var 1.65, hámarksvatnshæð þess 2.29 og lágmarksvatnshæðin 1.34

Samkvæmt gagnabanka Vatnamælinga Orkustofnunar 2005-01-28 (réttur áskilinn til endurskoðunar)

hpf prentaði af svæði /vm/vmgogn klukkan 08:40



OS Vatnamælingar Vatnshæðarskýrsla vatnsárið 2003/2004 vhm 211

Suðurnes; veituvegur (HSK-06)

Vatnshæðin er í m, dagleg gildi kl. 24

	Sep	Okt	Nóv	Des	Jan	Feb	Mar	Apr	Máí	Jún	Júl	Ágú	
1	1.37	1.52	1.58	1.82	1.98	1.91	1.71	1.81	1.67	1.45	~ 1.53	~ 1.47	
2	1.37	1.52	1.59	1.79	1.95	1.92	1.81	1.85	1.66	1.45	~ 1.53	~ 1.48	
3	1.40	1.50	1.59	1.76	1.93	1.94	1.86	1.95	1.67	1.45	~ 1.53	~ 1.49	
4	1.46	1.51	1.62	1.72	2.01	1.91	1.88	1.99	1.66	1.46	~ 1.52	~ 1.50	
5	1.49	1.52	1.66	1.68	2.05	1.90	1.85	1.95	1.64	1.47	~ 1.49	~ 1.50	
6	1.53	1.51	1.68	1.71	2.07	1.87	1.83	1.91	1.63	1.48	~ 1.48	~ 1.53	
7	1.55	á 1.51	1.69	1.73	2.17	1.81	1.84	1.90	1.62	1.47	~ 1.45	~ 1.54	
8	1.54	á 1.52	1.71	1.78	2.24	1.79	1.87	1.86	1.60	1.47	~ 1.44	~ 1.54	
9	1.55	á 1.53	1.75	1.82	2.31	1.80	1.91	1.83	1.58	1.48	~ 1.42	~ 1.53	
10	1.55	á 1.52	1.76	1.81	2.36	1.81	1.98	1.81	1.57	1.48	~ 1.40	~ 1.51	
11	1.59	á 1.52	1.79	1.82	2.37	1.82	2.07	1.80	1.55	~ 1.47	~ 1.39	~ 1.49	
12	1.62	á 1.52	1.82	1.86	2.37	1.83	2.15	1.83	1.56	~ 1.48	~ 1.38	~ 1.48	
13	1.68	á 1.51	1.83	1.85	2.35	1.86	2.24	1.86	1.54	~ 1.48	~ 1.39	~ 1.47	
14	1.69	á 1.51	1.83	1.84	2.28	1.92	2.28	1.88	1.53	~ 1.47	~ 1.40	~ 1.47	
15	1.69	á 1.50	1.81	1.88	2.21	1.88	2.30	1.88	1.52	~ 1.46	~ 1.41	~ 1.47	
16	1.69	á 1.50	1.83	1.95	2.17	1.87	2.29	1.89	1.52	~ 1.45	~ 1.42	~ 1.47	
17	1.67	á 1.48	1.84	2.05	2.10	1.87	2.26	1.93	1.52	~ 1.43	~ 1.43	~ 1.47	
18	1.64	á 1.46	1.86	2.04	2.07	1.90	2.28	1.92	1.51	~ 1.42	~ 1.44	~ 1.47	
19	1.62	á 1.44	1.87	2.02	2.02	1.92	2.28	1.92	1.49	~ 1.42	~ 1.44	~ 1.46	
20	1.67	á 1.42	1.86	1.94	2.03	1.91	2.27	1.94	1.47	~ 1.41	~ 1.44	~ 1.45	
21	1.63	1.41	1.83	1.93	2.07	1.86	2.21	1.91	1.47	~ 1.41	~ 1.44	~ 1.45	
22	1.60	1.40	1.80	1.94	2.14	1.85	2.14	1.90	1.48	~ 1.41	~ 1.43	~ 1.44	
23	1.59	1.39	1.83	2.05	2.23	1.81	2.09	1.89	1.46	~ 1.41	~ 1.42	~ 1.43	
24	1.56	1.37	1.88	2.12	2.19	1.76	2.02	1.89	1.46	~ 1.41	~ 1.42	~ 1.43	
25	1.54	1.39	1.91	2.17	2.14	1.73	1.97	1.87	1.45	~ 1.43	~ 1.41	~ 1.42	
26	1.52	1.44	1.89	2.17	2.10	1.70	1.93	1.83	1.44	~ 1.45	~ 1.40	~ 1.43	
27	1.52	1.49	1.90	2.14	2.05	1.71	1.91	1.79	1.43	~ 1.48	~ 1.39	~ 1.44	
28	1.53	1.52	1.89	2.11	2.02	1.71	1.88	1.74	1.44	~ 1.48	~ 1.39	~ 1.48	
29	1.50	1.55	1.89	2.11	1.97	1.70	1.86	1.71	1.44	~ 1.50	~ 1.41	~ 1.47	
30	1.50	1.54	1.84	2.07	1.94			1.84	1.69	1.45	~ 1.52	~ 1.43	~ 1.48
31		1.55		2.03	1.92			1.81		1.45	~ 1.45	~ 1.52	
Meðaltal	1.56	1.49	1.79	1.93	2.12	1.84	2.02	1.86	1.53	1.45	1.44	1.48	
Hámark	1.70	1.55	1.91	2.18	2.38	1.94	2.30	1.99	1.69	~ 1.52	~ 1.53	~ 1.54	
Dagur klst	15 05	31 24	26 01	26 13	12 05	03 18	15 17	04 23	01 01	30 23	03 08	09 05	
